

Orkubú Vestfjarða ohf
Stakkanes 1
400 Ísafjörður

Reykjavík 28. júní 2018
UST201806-295/P.B.S.
09.07.01

**Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi á friðlýstu svæði - Jarðstrengur í Vatnsfirði
Barðaströnd**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Orkubús Vestfjarða er barst 22. júní 2018 vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan friðlands í Vatnsfirði.

Vatnsfjörður var friðlýstur árið 1975 og er tilgangur friðlýsingar að vernda náttúru landsins á þann hátt að fólk gefist kostur á að njóta hennar. Samkvæmt auglýsingum um friðlandið nr. 96/1975 er mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Samkvæmt upplýsingum í umsókn og símtali er um að ræða plægingu á jarðstreng á 600 metra kafla frá friðlandsmörkum við Þverá að fiskeldi skammt innan friðlandsmarka. Í viðbótargögnum með umsókn segir að ekki sé fyrirhugað að fara með strenginn þar sem kjarrið er þéttast heldur þræða leið meðfram brún ræktaðs og óræktaðs lands. Framkvæmdin mun hefjast í enda júní og mun standa yfir í 4-5 vikur. Starfsmenn verða um 2-4 og engin mannvirki þarf að setja upp fyrir framkvæmdatímann. Notast verður við eitt vélknúið tæki. Í umsókn kemur fram að öllu jarðraski verði haldið í lágmarki.

Leiðin meðfram þjóðvegi frá Þverárbrú að fiskeldi liggur yfir bæði mela og gróið land. Á köflum þessarar leiðar er ljóst að plægja þarf í gegnum birkirunna, lyng og mosa. Í umsókn er ekki tiltekið hvort strengurinn eigi að liggja ofan vegar eða neðan en gróðurfar er svipað beggja vegna þó sýnu minna birki sé ofan vegar. Lítið klettabelti liggur auk þess neðan vegarins sem hugsanlega tálmari lagningu nálægt vegi, nema ætlunin sé að fara niður fyrir það.

Vesturbyggð hefur fengið leyfi til að leggja ljósleiðara áfram frá Þverá að Flókalundi innan friðlandsins og mun Orkubúið nýta þann skurð fyrir jarðstrenginn.

Áhrifamat:

Einhver skerðing á gróðri er óhjákvæmileg en framkvæmdin eins og henni er lýst í umsókn og fylgigögnum er ekki líkleg til að skerða verndargildi friðlandsins eða valda óafturkræfum breytingum að uppfylltum skilyrðum um að gróðuraski verði haldið í lágmarki og ummerki afmáð eins og frekast er kostur.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdunum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í algeru lágmarki.
- Að vandað verði til verka við frágang eftir að verki lýkur.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og forðast allt óparfa rask og þess skal gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun þegar framkvæmdir hefjast.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun um frávik á ofangreindri verklysingu eins fljótt og auðið er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vöki berist ekki í jarðveg eða vatn.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar þegar verki er lokið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Samkvæmt 88. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er landverði heimilt að stöðva framkvæmd ef hann telur að af henni stafi yfirvofandi hætta á verulegu tjóni á náttúru Íslands.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spilt verði friðlýstum náttúrumínjum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir leyfi til starfsemi og framkvæmda er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Ólafur A. Jónsson
sviðsstjóri



Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur